

Foreldrafélag Hofsstaðaskóla.

1. stjórnarfundur 9. október 2007, kl. 20:30

Mættir voru: Kristbjörg Ágústsdóttir, Guðrún Willadsdóttir, Þórunn Einarsdóttir, Svava Garðarsdóttir, Stella Stefánsdóttir og Margrét Harðardóttir, skólastjóri.

Þetta var tekið fyrir á fundinum:

Rútumál – Margrét Harðardóttir

Rætt var um rútumál en skólinn fær aukafjárveitingu frá bæjarfélaginu til að koma á móts við rútukostnað foreldra vegna vettvangsferða. Ekki er komið á hreint hversu mikinn pening er um að ræða. Margrét yfirgaf fund að lokinni umræðu.

Skipting hlutverka í foreldrafélaginu:

Kristbjörg Ágústsdóttir formaður
Guðrún Willadsdóttir varaformaður
Stella Stefánsdóttir gjaldkeri
Þórunn Einarsdóttir ritari
Svava Garðarsdóttir og Iðunn Bragadóttir eru meðstjórnendur

Hensongallar.

Ákveðið var að vegna stafsetningavillu á Hensongöllunum gætu foreldrar farið með gallana niður í Henson og fengið nýja merkingu á sér að kostnaðarlausu.

Fulltrúaráðsfundur.

Skipulög var dagskrá á fulltrúaráðsfundinum sem verður 6 nóvember 2007. Þá þarf að velja í nefndir sem sjá um laufabrauðsskurð, umferðarmál, tækjasjóð og hausthátíð. Ákveðið var að fá áhugaverðan fyrirlesara á fundinn til að koma með eitthvað ferskt og spennandi.

Starfsáætlun

Farið var yfir starfsáætlun vetrarins og lögð fram gróf fjárhagsáætlun. Umræða var um útgáfu fréttabréfs og ákveðið að taka það upp á sameiginlegum fundi sem búið var að tímasetja 14.11.

Vinnustundir kennara utan kennslu.

Kennarar fá greitt fyrir ákveðna vinnuskyldu utan hefðbundinnar kennslu en það fer eftir aldri nemenda hversu margar stundirnar eru. Tilkynna þarf bekkjarfulltrúum þessa viðveru.

Þórunn Einarsdóttir ritaði fundagerðina.